

Ed.

33. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 27. júní 1941, um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Flm.: Páll Zóphóniasson.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Í Háskóla Íslands skulu vera 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, hagfræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Í stað „5“ í 4. gr. laganna kemur: 6.

3. gr.

Aftan við 2. gr. laganna, sem verður 3. gr., bætist:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. þessarar gr. má hver karl eða kona, þótt ekki hafi lokið stúdentsprófi, setjast í heimspekideild og ljúka prófi í forspjallsvisindum og enn fremur stunda nám í hagfræðideild eða guðfræðideild og ljúka þar prófi, ef nemandinn fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. er fullra 18 ára að aldri;
2. stentz inntökupróf, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð, er háskólinn setur og kennslumálaráðherra staðfestir;
3. hefur óflekkað mannorð;
4. greiðir lögboðið skrásetningargjald.

Nemendur þeir, sem ganga inn í háskólann með sérstöku inntökuprófi, hafa að öllu sömu skyldur og njóta að öllu sömu réttinda sem væru þeir skrásettir stúdentar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að komið verði á þeim breytingum við Háskóla Íslands, að aðskilið verði laga- og hagfræðinám. Við það verða deildir háskólans 6, í stað 5 áður.

Jafnframt gerir það ráð fyrir því, að taka megi aðra en stúdentar sem nemendur í hagfræði- og guðfræðideild, enda sé sannprófað með inntökuprófi, að þeir hafi tileinkað sér þá undirbúningsmenntun, er teljast verður nauðsynleg til þess, að þeir geti haft námsins not.

Á síðasta aðalþingi var mál þetta töluvert rætt, og virtust flestir sammála um, að rétt væri að veita öðrum en stúdentum aðgang að hagfræði- og viðskiptanámi, og má hér nægja að vitna í þær umræður og þau gögn, sem þá voru lögð fram í málinu.

Nánar í framsögu.